



Dulmál DaVincis Code um eilíft sumar

# Leitin að hinu helga Graali, barmafullum bikar móður jarðar

Margt bendir til þess að um langan aldur hafi þjóðir helgað sér land með mælingum og útreikningum sem byggðust á arfi sagna og trúarhugmynda. Þannig tengdist maðurinn landinu, gangi himintungla og æðri máttarvöldum. Allt þurfti að eiga sinn sess í veröldinni.

## Boðun sumars í norðvestri á sólúrinu

Frumgerð sólúrsins varð sennilega til á svipuðum slóðum á jörðinni, á svipuðum tíma í sögunni og hélst í hendur við upphaf jarðyrkju.

Á milli hvarfbaugs Krabba og hvarfbaugs Steingeitar liggur hitabelti jarðar, þar verður árstíða varla vart því sólarhæð er svo til sú sama allan ársins hring. Jörðin hallar örlítið á sporbaugi sínum, u.þ.b. 23, 1/2 gráðu það veldur því að árstíðirnar verða meir áberandi eftir því sem norðar dregur. Samfélög rétt norðan við hitabelti jarðar, þar sem árstíða er tekið að gæta s.s. á ósum Ganges í Indlandi, Indus í Pakistan, Tigris í Irak og Níl í Egyptalandi, veittu farvegi sólar athygli því gangur hennar hafði áhif á afkomu þeirra. Hringur sólúrs umflukt veröld fólksins, tengdist merkjum dýrhrings og snemma sögu voru öll viðmið skráð í kennileiti landsins sjálfs, eignuðust þau þannig vissan sess á sólúri heimsmyndarinnar og megin trúarhátíðir urðu fast-tengdar tilteknum stöðum í landslaginu.

Sumar átti sérstakan stað á sólúrinu, sá staður var í norðvestri og ákvarðaðist af gangi sólar. Má því ætla að einskonar hugmynd alsnægta hafi búið þar á sjónhring frá fyrstu tíð. Þessi tiltekni staður á sólúrinu breyttist í eitt helgasta ták kristinnar við trúskiptin því trúboðar hinna nýju trúar þekktu væntingarnar um gnægð matar af engjunum sem tengd voru þessu tákni sólúrsins. Því var þávallt reist kirkja. Þar reis kristur upp innra með þeim sem á hann trúðu. Þar tíðkaðist að drekka af barmafullum bikar hans og neyta altarisakramentis.

## Markaðar heimsmyndir sunnan úr heimi

Einar Pálsson, fræðimaður, rannsakaði forna tölfræði sem birtist í íslenskum fornbókmenntum. Við samanburð á Njálssögu og samtímaefni frá öðrum löndum virtist sem sjálft sögu-svið þeirra skipti máli og væri afmarkað á vissan hátt. Einar uppgötvaði "hjól" mikið á ósum Rangárvalla, einskonar baksvið Njálssögu, heimsmynd sem augljóslega gegndi tvennskonar hlutverki; að vera heimsmynd og sólúr. Samkvæmt niðurstöðum Einars sem birtust í rit-safni hans, Rætur íslenskrar menningar (R.Í.M) geyma árósar Rangárvalla risavaxið hjól sem felur í sér norræna heimsmynd hins helga kornkonungdæmis 216.000 rómversk fet að þvermáli (64.152 m) og er hjólið markað helstu ken-nileitum, himintunglum og þekktustu stuðlum fornarrar tölspéki. Þessu mikla sólúri tengjast goðsagnir kornguðs og fæðuöflunar frumstæðra manna, ættaðar frá hinum miklu stjórnuðu öllu í lífinu. Hugmyndafræðilegar rætur hins íslenska þjóðveldisteygðu sig til landanna í kring

um okkur, þaðan má rekja bein tengsl til forn indóevrópskra menningarsamfélaga Miðjarðar-hafslandanna. Þetta segir okkur að búast megi við hugmyndum "hjólanna" allstaðar þar sem forn menningarsamfélög urðu til. Sólúrin miklu hafa nú fundist í mörgum löndum (sjá www. centre.is). Þau virðast öll lúta sömu lögmálum, bundin sömu hugmyndum og mæld á sama hátt, í þeim öllum má finna ákveðna reglu í innbyrðis afstöðu höfuðbóla og þau öll má bera við "hjól" Rangárhverfis.

## Sólúr jafngömul akuryrkju mannkyns

Það er einstaklega fagurt hvernig heimsmyndin/sólúrið féll að staðhættum á Suðurlandi. Þrídrangur réði legu hennar, frá drangum markast lína að Stöng, hún er mæld frá Bergþórshvoli 216.000 fet að lengd. Goðasteinn efst á Eyjafjal-lajökli er í háaustur frá Bergþórshvoli þaðan eru 216.000 fet að Skálholti. Miðjan er Steinkross, friðarblettur í Heklu hrauni. Sex mínúturnar sunnar er Helgafell. Þaðan er gott útsýni yfir vellina og heimsmyndina alla. Séð frá Hofi rísa þrjár tindar Þríhyrnings yfir fellið, en einungis ef horft er í háaustur, þá ber nyrðsta horn Þríhyrnings í efsta klettabelti Helgafells. Þessi sjónlína er ein-nig sex mínútur að lengd. Þjórsá innsiglar kerfið við ták norðvestur frá vestrar þar sem ung sól sumars markast af bökkum hennar í landi Kálh-holts.

Norrænir menn áttu sér engin hof, þau voru úti í náttúrunni, sögðu rómverskir sagnaritarar sem fóru til norðrú Evrópu á fyrstu öld. 700 árum seinna var Hof forfedra okkar Íslendinga (Sjá centre.is 5. kafli s.20), staðsett á tilteknum stað sem mældur var frá miðju heimsmyndar í landnámi þeirra, þar hafa aldrei fundist um-merki mannvirkja.

Ketilbjörn Ketilsson nam land á Suðurlandi frá eyrunum sunnan Kleifarvatns í vestrar að ósum Þjórsár í austri og náði land hans inn á hálendið norðan Haukadals. Hann nemur þann geira sólúrsins sem boðaði vor og sumar. Ef stíkað er frá Steinkrossi í hávestur, yfir gresjur og gróna ruðninga fljótanna, að mældum 108.000 fetum kemst maður ekki lengra því þá stendur maður á klettabrún við þungan straum Þjórsár sunnan við brúna á þjóðvegi eitt. Gnýrinn er hrikalegur og minnir á drunur reginaflanna sem snúa veröldinni. Á sólúri Íslands er þetta staður vor-jafndægra, táknu um að nú sé tími dags og nætur jafn langur. Framundan er sumarið.

Hinu megin fljótsins er land Ketilbjörns. Þekkt ornefni í landi hans minna á rauða og hvíta nautið egyptska sem réði lendum himins á þess-um stað sólúrsins, kennd við vor og sumar árþú-sundin fyrir okkar tímatal. Naut himins var

tengt Ósírasi í Egyptalandi hinu forna. Um 4000 f. Kr. við upphaf konungatímabils Egyptalands féllu vorjafndægur í merki Nauts á stjörnuhimni, hver Faraó varð Ósiris eða bolinn Apis við val-datöku sína og varð ták norðrú og gróanda ungrar sólar. Ósiris eða Apis var bæði rauður og hvítur að lit því nautið var ták sameinaðs Egyptalands sem skiptist í efra ríki Nílarfljóts hið hvíta og neðra ríki Nílarfljóts hið rauða.


Apavatn er í lendum sumarkomu vestan Skál-holts, fáir hafa botnað í heiti þess. Héti það Apis-vatn, skilst það sömu hugmyndafræði og or-nefni hins hvíta litar sumarkomu í þessari sveit s.s. Hvítá og Hvítárnes. Sonarsonur Ketilbjörns, Gissur, fær líka heitið hinn hvíti þegar hann boðar íslensku þjóðinni kristna trú og gefur henni land undir fyrstu kirkju landsins, Patri-monium Petri sem síðar var nefnd Skálholt. Sennilega réði þessi ævafora Egyptska hugmynd líka nafngift sjálftrar árinna sem ólmast undir björgunum við fætur mér, Nauts-á, Þjórsá.

Í landi Skálholts rétt austan við kirkjustæðið er höfði sem gengur út í Hvítá, Skálholtshamar, frá honum eru 108 þúsund fet að Steinkrossi í suðaustri og handann í beinni sjónlínu er Goðasteinn á Eyjafjallajökli, þangað eru 216 þúsund fet. Þessi lína ásamt línunni Bergþórsh-voll -Stöng afmarkaði hina fornu heimsmynd Rangárvalla. Séð frá miðjunni Steinkrossi, mar-kast sumarkoma eða hvítasunna, í landi Skál-holts í norðvestri og andstæðan táknu vetur komu að Goðasteini í suðaustri.

## Skálholt er 108.000 fet norðvestur frá Steinkrossi

Nafn Heilags anda hefur tölguildið 1080" segir gríska testamentið To Pneyma Hagon. Þetta kemur heim við þá hugmynd að tala heilags anda sé 108. Skálholt var helgað heilögum Pétri við upphaf kristni á Íslandi og er á þeim stað sólúrsins sem ták alsnægta nýs sumars var, 108.000 fet norðvestur frá miðjunni, Steinkrossi, í íslensku heimsmyndinni. Á sama stað á ósum Níl ar er að finna sama ták og fyrstu kirkju krist-inna manna utan Palestínu, í hafnarborginni Alexandríu. Þar á sólúri forn Egypta, 108 mæli-einingum frá miðju Egyptsku heimsmyndarinnar var reist ljósker af stærðargráðu sem stakk í stúf við öll mannaverk á þessum slóðum. Ljóskerið var byggingarfrek sem enn er talið eitt af sjö undrum veraldar. Ljósker Alexandríu var senni-lega reist til dýrðar sólinni. Merkingin vísaði inn í land en ekki á haf út. Ef farið var frá Nílarósum í norðvestur átt til sumarsólar, Yfir Miðjarðar-haf, gresjur Evrópu og ekki stoppað fyrir en við strendur Atlantshafsins voru eyjarnar Írland og Ísland endimörk veraldar í norðvestri, þangað eltu menn sennilega hugmyndir um eilíft sumar. Væntingarnar speglast í sögnum af hinu laun-

Heimsmyndirnar virðast allar mældar eins og lúta sömu lögmálum, 216.000 fet að þvermáli nema í Danmörku þar er hlutfallið tvöfalt 432.000 fet. Sumar byrjun er í norðvestur geiranum.



helga Graali í keltneskum sagnaarfi Írsku þjóðarinnar um draumheiminn sem Móses sagði ungum Njáli frá, í eyðimörk Egyptalands. Sagan segir að þegar Gaodhal Glasir, sem kelt-neska þjóðin heitir eftir, var barn í vist hjá Moses í eyðimörkinni, var hann bitin af snáki, Moses læknaði sárið og sagði honum að þegar hann yrði stór mundi hann finna græna eyju í útvestri þar sem hann og afkomendur hans munu setjast að, á eyjunni fögru búa engir snákar né eitruð dýr. Gaodhal Glasir óx úr grasi, eignaðist fjöl-skyldu og varð gamall maður. Afkomenda hans var boðið að kenna við hirið Faraós konungs Egyptalands, kennarinn var barnabarn Glasis og hét Njáli. Hann giftist dóttir Faraósins sem hét Skota, sem Írland var seinna skírð eftir. Þau eignuðust börn og urðu valdamikil ætt við hirið konungs. Frá Egyptalandi stefndi þjóðflokkur Njáls og Skotu til Írlands, hinnar grænu eyju allsnægta í norðvestur úthafi sem Moses hafði sagt forföður þeirra frá, þangað litu forfedur Kelta við upphaf ferðar og trúðu á full forðabúr matar og tryggja afkomu fyrir sig og sína því þar á sjónhring var tákun hins helga Graals. Þar tíðkaðist að drekka af barmafullum bikar kristis og neyta altarisakramentis. Tákun andlegrar og líkamlegrar fæðu manna tók síðar á sig ým-sar myndir, bikarinn varð ílát blóðs Kristis og meir að segja tákun um niðjar hans eins og fram kemur í kvikmyndinni DaVincis Code sem sýnd er í bíó nú.

Fyrir tvö þúsund árum byrjaði hnignun trúar-bragðanna sem fæddu af sér sólúrin. Eftir trú-skíptin voru vegsummerki gömlu trúarinnar afmáð og var það gert af yfirvöldum á hverjum stað. Í margar aldir voru heidinn vísindi annað hvort klædd í kristinn búning, eyðilögð eða vel falin. Myndaðist þannig mikil flóra tákna og launsagna um hugsanir tengdar stærðum veraldar og dýpstu kenndum mannsins. Eftir standa skrítn hugmyndaambönd, sagnir og tákun líkt og holar umgjörðir gömlu heimsmyndanna og þjóðir eiga sameiginlega í menningararfi sínum. Tákunin leynast í gömlum munnmælum, hátt upp á byggingum, í hluta höggmyndar, eða í landslaginu sjálfu. Þau blasa við augum ef maður þekkir hlutföllin. Þegar tákunanna er leitað skiptir mestu að hlusta vel eftir gömlum sögnum, huga að höfuðáttum, braut sólar og stjarnhimni, hlut-föllum og vegalengdum, því í þeim felast helgir dómar sem ekkert hafa breyst í aldanna rás. Heilagt Graal er eitt af orlagatáknum mannkyns og hefur verið sögumönnum yrkisefni alla tíð því hugmynd allsnægta býður ekki uppá neitt minna.

Keltar stíkuðu sennilega hjólið mikla á Rangárvöllum. Orðið Skál-holt á þessum stað á sólúri Rangárvalla fær dýpri merkingu ef þar var tákun flóru jarðar í mestri velsæld. Þar birjaði sumar, þá fylltust skálar úr gnægtarhorni móður jarðar.